

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.75 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/3182 frá 16. desember 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.75.
- 4.83 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/3189 frá 16. desember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.83.
- 7.38 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/3187 frá 16. desember 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.38.
- 8.30 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/3192 frá 16. desember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.30.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 29. janúar 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
utanríkisráðherra.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.75.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/3182**

frá 16. desember 2024

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Í ályktunum sínum frá 17. október 2024 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi stuðning Sambandsins við sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar. Leiðtoga ráðið lýsti því jafnframt yfir að Sambandið væri reiðubúið til að takmarka enn frekar getu Rússlands til að heyja stríð, m.a. með frekari refsiaðgerðum og ráðstöfunum til að sporna við því að þær verði sniðgengnar, þ.m.t. í gegnum þriðju lönd.
- 3) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- 4) Einkum telur ráðið að bæta ætti 54 aðilum og 30 rekstrareiningum, sem bera ábyrgð á aðgerðum sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, á skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 5) Vegna aukinna málaferla og hefndaraðgerða í Rússlandi sem gera tilteknum tilgreindum rekstrareiningum og viðskiptavinum, sem að baki þeim standa, kleift að leggja hald á eignir, sem tilheyra verðbréfamíðstöðvum Sambandsins, í Rússlandi án fyrirframsamþykkis þessara miðstöðva, er rétt að taka upp undanþágu fyrir verðbréfamíðstöðvar, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014⁽²⁾, í Sambandinu til að fara fram á það við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna að þau affrysti reiðufjárstöður svo að verðbréfamíðstöðvar í Sambandinu geti notað þessar reiðufjárstöður, sem þeim ber ekki lengur að greiða tilgreindum rekstrareiningum, til að uppfylla lagalegar skyldur sínar gagnvart þátttakendum sínum.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 29. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„29. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingunum sem skráðir eru undir færslunúmerunum 92, 694 og 920 undir fyrirsögninni „Aðilar“ í viðaukanum, eftir að hafa ákvarðað að:

 - a) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur vegna sölu og yfirfærslu eignarréttar fyrir 30. júní 2025 í beinni eða óbeinni eigu eins þessara einstaklinga í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu og
 - b) að ágóði af slíkri sölu og yfirfærslu sé frystur.“
- 2) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 2. gr.:

„33. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað affrystingu reiðufjárstaðna sem verðbréfamíðstöð, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, hefur fryst og rekja má til rekstrareiningarinnar sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í viðaukanum við þessa ákvörðun eða annarrar rekstrareiningar sem skráð er undir þeirri fyrirsögn, eftir að hafa ákvarðað að:

 - a) viðkomandi verðbréfamíðstöð sé með reikning eða reikninga hjá rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í viðaukanum við þessa ákvörðun,

- b) rekstrareiningin sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í viðaukanum við þessa ákvörðun eða önnur eining sem skráð er undir þeirri fyrirsögn sé með reikning eða reikninga hjá verðbréfamíðstöðinni þar sem reiðufjárstaðan, sem til stendur að affrysta, er varðveitt,
- c) rekstrareiningin sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í viðaukanum við þessa ákvörðun hafi skuldfært fjárhæð af reikningnum eða reikningunum sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar í samræmi við lög, úrskurð, reglugerð eða ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds eða aðra ráðstöfun sem beint eða óbeint má rekja til Rússneska Sambandsríkisins, án fyrirframsamþykkis viðkomandi verðbréfamíðstöðvar,
- d) hlutaðeigandi verðbréfamíðstöð ætli að nota affrysta reiðufjárstöðu til að uppfylla lagaskyldur sínar gagnvart þátttakendum sínum og fari ekki yfir skuldfærða fjárhæð sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar og
- e) affrysta reiðufjárstaðan sé ekki gerð aðgengileg í bága við 2. mgr. þessarar greinar.“
- 3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskípunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3182/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fvlgiskjal 4.83.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/3189

frá 16. desember 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽²⁾ koma þær þvingunaraðgerðir til framkvæmda sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 16. desember 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/3182⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3182 er innleidd undanþága sem heimilar að reiðufjárstöður í vörslu verðbréfamíðstöðva, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014⁽⁴⁾, verði affrystar í Sambandinu og rekjanlegar til tilgreindra rekstrareininga. Sú undanþága er nauðsynleg með tilliti til aukinna málsókna og hefndaraðgerða í Rússlandi sem gera tilteknum tilgreindum rekstrareiningum og viðskiptavinum, sem að baki þeim standa, kleift að leggja hald á eignir í Rússlandi, sem tilheyra verðbréfamíðstöðvum Sambandsins, án fyrirframsamþykkis þessara miðstöðva. Því er viðeigandi að koma á undanþágufyrirkomulagi þar sem verðbréfamíðstöðvar í Sambandinu geta farið fram á það við lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna að þau affrysti reiðufjárstöður svo að verðbréfamíðstöðvar í Sambandinu geti notað þessar reiðufjárstöður, sem þessum miðstöðvum ber ekki lengur að greiða tilgreindum rekstrareiningum, til að uppfylla lagalegar skyldur sínar gagnvart þátttakendum sínum.
- 3) Breytingin sem gerð er á ákvörðun 2014/145/SSUÖ með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3182 fellur undir gildisvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggj sé að ákvæðum hennar sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 5. mgr. f í 6. gr. b kemur eftirfarandi:

„5f. Þrátt fyrir 2. gr. þessarar reglugerðar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingunum sem eru á skrá undir færslunúmerum 92, 694 og 920 undir fyrirsögninni „Aðilar“ í I. viðauka, eftir að hafa ákvarðað að:

- a) fjármunirnir eða efnahagslegi auðurinn sé nauðsynlegur vegna sölu og yfirfærslu eignarréttar fyrir 30. júní 2025 í beinni eða óbeinni eigu eins þessara einstaklinga í lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu og
- b) að ágóði af slíkri sölu og yfirfærslu sé frystur.“

- 2) Í 6. gr. b bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5j. Þrátt fyrir 2. gr. þessarar reglugerðar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, heimilað affrýstingu reiðufjárstaðna sem verðbréfamíðstöð, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, hefur fryst og rekja má til rekstrareiningarinnar sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í I. viðauka við þessa reglugerð eða annarrar rekstrareiningar sem skráð er undir þeirri fyrirsögn, eftir að hafa ákvarðað að:

- a) hlutaðeigandi verðbréfamíðstöð sé með reikning eða reikninga hjá rekstrareiningunni sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í I. viðauka við þessa reglugerð,
- b) rekstrareiningin sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í I. viðauka við þessa reglugerð eða aðrar rekstrareiningar sem skráðar eru undir þeirri fyrirsögn séu með reikning eða reikninga hjá verðbréfamíðstöðinni þar sem reiðufjárstaðan, sem til stendur að affrýsta, er varðveitt,
- c) rekstrareiningin sem skráð er undir færslunúmerinu 101 undir fyrirsögninni „Rekstrareiningar“ í I. viðauka við þessa reglugerð hafi skuldfært fjárhæð af reikningnum eða reikningunum sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar í samræmi við lög, úrskurð, reglugerð eða ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds eða aðra ráðstöfun sem beint eða óbeint má rekja til Rússneska sambandsríkisins, án fyrirframsamþykkis viðkomandi verðbréfamíðstöðvar,
- d) hlutaðeigandi verðbréfamíðstöð noti affrýsta reiðufjárstöðu til að uppfylla lagaskyldur sínar gagnvart þátttakendum sínum og fari ekki yfir skuldfærða fjárhæð sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar og
- e) affrýsta reiðufjárstaðan sé ekki gerð aðgengileg í bága við 2. mgr. 2. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/3182 frá 16. desember 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/3182, 16.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3182/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 11).

Fvlgiskjal 7.38.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/3187

frá 16. desember 2024

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 17. október 2024 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi stuðning sinn við sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar. Leiðtoga ráðið lét einnig í ljós að Sambandið væri tilbúið til að takmarka enn frekar getu Rússlands til að heyja stríð, þ.m.t. með frekari refsiaðgerðum og ráðstöfunum til að berjast gegn sniðgöngu þeirra, þ.m.t. í gegnum þriðju lönd.
- 4) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir.
- 5) Rétt þykir að bæta 32 rekstrareiningum við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Á þeirri skrá eru tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem óbeint stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands með því að sniðganga útflutningstakmarkanir, þ.m.t. á ómönnum loftföllum eða flugskeytum.
- 6) Í því skyni að takmarka enn frekar starfsemi skipa, sem starfrækt eru til að efla eða styðja við aðgerðir eða stefnur sem styðja við aðgerðir Rússlands gegn Úkraínu, þykir einnig rétt að bæta fleiri skipum á skrána yfir skip sem sett er fram í XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sem sæta banni í höfnum og skipastigum aðildarríkja, ásamt banni við veitingu margs konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga.
- 7) Eins og fram kemur í 16. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2024/1470⁽²⁾ eru reiðufjárstöður verðbréfamíðstöðva eða viðskiptavina þeirra venjulega millifærðar úr þeim verðbréfamíðstöðvum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavina. Verðbréfamíðstöðvar, eins og um getur í 8. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, bera því ekki ábyrgð á að greiða vexti eða annars konar bætur til þess aðila, rekstrar-

einingar eða stofnunar sem hefur rétt til þeirra eigna og varasjóða sem um getur í 4. mgr. 1. gr. a í þeirri ákvörðun og sem þessar verðbréfamíðstöðvar hafa í vörslu sinni eða stjórna eða eru mótaðili að, nema samningar kveði á um annað.

- 8) Stýring viðkomandi verðbréfamíðstöðvar á eignum sem falla undir viðskiptabannið, sem lagt var á skv. 4. mgr. 1. gr. a ákvörðunar 2014/512/SSUÖ, sem og stýring reiðufjárstaðna af slíkum eignum, ætti ekki að skapa neins konar bótaábyrgð af hálfu þess vörsluaðila eða stjórnenda eða starfsfólks hans, nema sannað verði að gáleysi hafi valdið því að gripið var til aðgerðarinnar.
- 9) Rússneskir dómstólar hafa nýlega gefið út ákvarðanir á grundvelli 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð, sem banna að hafin verði málsmeðferð fyrir erlendum dómstólum af hálfu evrópskra fyrirtækja gegn rússneskum fyrirtækjum (lögbann gegn málsókn í annarri lögsögu) eða þeim haldið áfram, og hafa m.a. lagt á óhóflegar fésektir þegar ekki er farið að þessum ákvörðunum. Sambandið álitur að fyrirkomulag rússneskra dómstóla við útgáfu slíks lögbanns og álagning sekta sé skýrt brot gegn fastsettum alþjóðlegum meginreglum og venjum sem fylgt hefur verið um lengri tíma við úrlausn alþjóðlegra deilna á sviði viðskipta. Til að koma í veg fyrir viðleitni sóknaraðila til að framfylgja slíkum lögbönum eða sektum, eða sérhverri annarri ákvörðun dómstóla á grundvelli 248. gr. eða sambærilegrar rússneskrar löggjafar, þykir rétt að leggja bann við því í Sambandinu að viðurkenna eða framfylgja lögbanni, úrskurðum, dómum eða öðrum ákvörðunum dómstóla samkvæmt eða í tengslum við 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngilda rússneska löggjöf.
- 10) Einnig þykir rétt að gera tilteknar tæknilegar breytingar á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.m.t. að framlengja frestina sem gilda um tilteknar undanþágur sem nauðsynlegar eru til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða vegna afhendingaröryggis aðildarríkjanna á tilteknum jarðolíuafurðum. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem hætt er að beita réttarreglum og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er að eignum fyrirtækja frá „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjum. Það gæti leitt til þess að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Vegna áhættunnar sem fylgir því að viðhalda atvinnustarfsemi í Rússlandi ættu rekstraraðilar í Sambandinu að íhuga að slíta starfsemi í Rússlandi og/eða stofna ekki ný fyrirtæki þar. Í sérstökum undantekningartilvikum er nauðsynlegt að veita framlengingu á undanþágum vegna fjárlosunar til að gera rekstraraðilum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins fljótt og unnt er. Aðildarríkin framlengja undanþágur í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa fé með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.
- 11) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 12) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr. a:

„12. Aðgerðir miðlægrar verðbréfamíðstöðvar, sem framkvæmdar eru í góðri trú skv. 4.–11. mgr. á þeim grundvelli að slíkar aðgerðir séu í samræmi við þessa ákvörðun, skulu ekki skapa neins konar bótaábyrgð af hálfu þess vörsluaðila eða stjórnenda eða starfsfólks hans, nema sannað verði að gáleysi hafi valdið því að gripið var til aðgerðarinnar.“
- 2) Ákvæðum 1. gr. aa er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, fyrir 31. desember 2025, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.“
 - b) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélög þeirra í Sambandinu geti, fyrir 31. desember 2025, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“
- 3) Ákvæðum 4. gr. o er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorðanna í 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Frá og með 5. febrúar 2023, og þrátt fyrir 1. og 2. mgr., geta lögbær stjórnvöld í Króatíu heimilað fram til 31. desember 2025 kaup, innflutning eða tilflutning á undirþrýstieimaðri gasolíu sem fellur undir SN-númer 2710 19 71 sem er upprunnin í Rússlandi eða flutt út þaðan, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

- b) Í stað fjórðu undirgreinar 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir þetta skal tímabundið beita banninu, sem um getur í þriðju undirgrein, frá og með 5. júní 2025 að því er varðar innflutning og tilfærslu til Tékklands og sölu til kaupenda í Tékklandi á jarðolíuafurðum sem eru fengnar úr hráolíu sem hefur verið flutt með leiðslum til annars aðildarríkis eins og um getur í d-lið 3. mgr. Ef aðrar birgðir af slíkum jarðolíuafurðum standa Tékklandi til boða fyrir þann dag skal ráðið fella tímabundnu undanþáguna úr gildi. Á tímabilinu fram til 5. júní 2025 skal magn slíkra jarðolíuafurða sem fluttar eru inn til Tékklands frá öðrum aðildarríkjum ekki vera meira en það meðalmagn sem flutt er inn til Tékklands frá þessum öðrum aðildarríkjum á sama tímabili á næstliðnum fimm árum.“

- 4) Ákvæðum 4. gr. r er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 3. gr., 3. gr. a, 4. gr., 4. gr. c, 4. gr. d, 4. gr. g, 4. gr. j og 4. gr. m geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31. desember 2025 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg vegna fjárlosunar í Rússlandi eða slita á atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

- b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a. Þrátt fyrir 3. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til 31. desember 2025 ef slík sala, afhending eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, sem rússneskur lögaðili, rekstrareining eða stofnun tekur þátt í og sem rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa.“

- c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 4. gr. i og 4. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til 31. desember 2025, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

- d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:

„2a. Þrátt fyrir 1. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2025 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“.

- 5) Í stað b-liðar 2. mgr. 4. gr. x kemur eftirfarandi:

„b) flytja hráolíu eða jarðolíuafurðir, sem eru á skrá í XIII. viðauka, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út þaðan, jafnframt því að stunda óreglulega og áhættusama sjóflutninga eins og fram kemur í ályktun allsherjarþings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.1192(33)“.

- 6) Í stað 4. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2025, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnanna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbær stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“

- 7) Eftirfarandi grein er bætt við:

„7. gr. a

1. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða öðrum dómsúrskurði, sem byggist á eða leiðir af 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.

2. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri meðferð sakamála stendur, eða viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja refsingu eða öðrum viðurlögum samkvæmt rússneskum hegningarlögum, sem byggist á meintu broti á lögbanni, úrskurði, dómi eða annarri ákvörðun dómstóla skv. 248 reglna Rússneskra sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.“

2. gr.

Ákvæðum IV. og XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

(²) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1470 frá 21. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/1470, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1470/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3187/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 8.30.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/3192**

frá 16. desember 2024

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/3187 frá 16. desember 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júní 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014(²).
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ(³).

- 3) Hinn 16. desember 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/3187 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3187 er 32 nýjum rekstrareiningum bætt við skrána yfir einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í ársarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3187 eru enn fremur færðar á skrána tiltekna rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla með óbeinum hætti að hernáðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands með því að sniðganga útflutningstakmarkanir, þ.m.t. á ómönnuðum loftförum eða flugskeytum.
- 5) Í því skyni að takmarka enn frekar starfsemi skipa, sem starfrækt eru til að efla eða styðja við aðgerðir eða stefnur sem styðja við aðgerðir Rússlands gegn Úkraínu, er með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3187 bætt fleiri skipum á skrána yfir skip sem sett er fram í XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sem sæta banni við aðgangi að höfnum og skipastigum aðildarríkjanna, ásamt banni við veitingu margs konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga.
- 6) Eins og fram kemur í 17. forsendu reglugerðar ráðsins (ESB) 2024/1469⁽⁴⁾ eru reiðufjárstöður verðbréfamiðstöðva eða viðskiptavina þeirra venjulega millifærðar úr þeim verðbréfamiðstöðvum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavina. Verðbréfamiðstöðvar, eins og um getur í 8. mgr. 5. gr. a, bera því ekki ábyrgð á að greiða vexti eða annars konar bætur til þess aðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem hefur rétt til þeirra eigna og varasjóða sem um getur í 4. mgr. 5. gr. a og sem þessar verðbréfamiðstöðvar hafa í vörslu sinni eða ráða yfir eða eru mótaðilar að, nema samningar kveði á um annað.
- 7) Stýring viðkomandi verðbréfamiðstöðvar á eignum sem falla undir viðskiptabannið, sem lagt var á skv. 4. mgr. 5. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 883/2014, sem og stýring reiðufjárstaðna af slíkum eignum, ætti ekki að skapa ábyrgð af neinu tagi af hálfu þess vörsluaðila eða stjórnenda eða starfsfólks hennar, nema sannað verði að gáleysi hafi valdið því að gripið var til aðgerðarinnar.
- 8) Rússneskir dómstólar hafa nýlega gefið út ákvarðanir á grundvelli 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð, sem banna að hafin verði málsmeðferð í erlendum dómstólum af hálfu evrópskra fyrirtækja gegn rússneskum fyrirtækjum (lögbann gegn málsókn í annarri lögsögu) eða þeim haldið áfram, og hafa m.a. lagt á óhóflegar háar fésektir þegar ekki er farið að þessum ákvörðunum. Sambandið álitur að fyrirkomulag rússneskra dómstóla við útgáfu slíks lögbanns og álagning sekta sé skýrt brot gegn fastsettum alþjóðlegum meginreglum og venjum sem fylgt hefur verið um lengri tíma við úrlausn alþjóðlegra deilna á sviði viðskipta. Til að koma í veg fyrir viðleitni sóknaraðila til að framfylgja slíkum lögbönum eða sektum, eða sérhverri annarri ákvörðun dómstóla á grundvelli 248. gr. eða sambærilegrar rússneskrar löggjafar, er með ákvörðun (SSUÖ) 2024/3187 lagt bann við því í Sambandinu að viðurkenna eða framfylgja lögbanni, úrskurðum, dómum eða öðrum ákvörðunum dómstóla samkvæmt eða í tengslum við 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngilda rússneska löggjöf.
- 9) Með ákvörðun (SSUÖ) eru einnig gerðar tiltekna tæknilegar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þ.m.t. að framlengja frestina sem gilda um tiltekna undanþágur sem nauðsynlegar eru til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða vegna afhendingaröryggis aðildarríkjanna á tilteknum jarðolíuafurðum. Rekstraraðilar ættu að gera sér ljóst að Rússland er land þar sem hætt er að beita réttarreglum og að Rússneska sambandsríkið hefur samþykkt ýmiss konar lög sem beint er að eignum fyrirtækja frá „óvinveittum löndum“, þ.m.t. aðildarríkjum. Það gæti leitt til þess að eignir Sambandsins verði fastar í Rússlandi án möguleika á að ná þeim til baka með skipulegum hætti. Vegna áhættunnar sem fylgir því að viðhalda atvinnustarfsemi í Rússlandi ættu rekstraraðilar í Sambandinu að íhuga að slíta starfsemi í Rússlandi og/eða stofna ekki ný fyrirtæki þar. Í sérstökum undantekningartilvikum er nauðsynlegt veita framlengingu á undanþágum vegna fjárlosunar til að gera rekstraraðilum í Sambandinu kleift að fara af rússneska markaðnum eins fljótt og unnt er. Aðildarríkin veita framlengingu á undanþágum í hverju tilviki fyrir sig og þær beinast að því að gera það kleift að losa fé með skipulegum hætti, sem væri ekki mögulegt án þess að framlengja þessa fresti.
- 10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. m er breytt sem hér segir:

- a) Í stað inngangsorðanna í 6. mgr. kemur eftirfarandi:
 „6. Frá og með 5. febrúar 2023, og þrátt fyrir 1. og 2. mgr., geta lögbær stjórnvöld í Króatíu heimilað fram til 31. desember 2025 kaup, innflutning eða tilflutning á undirþrýstieimaðri gasolíu sem fellur undir SN-númer 2710 19 71 sem er upprunnin í Rússlandi eða flutt út þaðan, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.“
- b) Í stað fjórðu undirgreinar 8. mgr. kemur eftirfarandi:
 „Þrátt fyrir þetta skal tímabundið beita banninu, sem um getur í þriðju undirgrein, frá og með 5. júní 2025 að því er varðar innflutning og tilflutning til Tékklands og sölu til kaupenda í Tékklandi á jarðolíuafurðum sem eru fengnar úr hráolíu sem hefur verið flutt með leiðslum til annars aðildarríkis eins og um getur í d-lið 3. mgr. Ef aðrar birgðir af slíkum jarðolíuafurðum standa Tékklandi til boða fyrir þann dag skal ráðið fella tímabundnu undanþáguna úr gildi. Á tímabilinu fram til 5. júní 2025 skal magn slíkra jarðolíuafurða sem fluttar eru inn til Tékklands frá öðrum aðildarríkjum ekki vera meira en það meðalmagn sem flutt er inn til Tékklands frá þessum öðrum aðildarríkjum á sama tímabili á næstliðnum fimm árum.“
- 2) Í 5. gr. a er eftirfarandi málsgrein bætt við:
 „12a. Aðgerðir verðbréfamiðstöðvar, sem framkvæmdar eru í góðri trú skv. 4.–12. mgr. á þeim grundvelli að slíkar aðgerðir séu í samræmi við þessa reglugerð, skulu ekki skapa neins konar bótaábyrgð af hálfu þess vörsluaðila eða stjórnenda eða starfsfólks hans, nema sannað verði að gáleysi hafi valdið því að gripidi var til aðgerðarinnar.“
- 3) Ákvæðum 5. gr. aa er breytt sem hér segir:
 a) Í stað d-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:
 „d) viðskipti, þ.m.t. sölur, sem eru algerlega nauðsynleg vegna slita, fyrir 31. desember 2025, á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða svipuðu lagalegu fyrirkomulagi sem gert er fyrir 16. mars 2022 og tekur til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í 1. mgr.“
- b) Í stað 3. mgr. a kemur eftirfarandi:
 „3a. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sem eru algerlega nauðsynleg til að rekstrareiningarnar sem um getur í 1. mgr. eða dótturfélög þeirra í Sambandinu geti, fyrir 31. desember 2025, losað um fjárfestingar sínar og dregið sig út úr lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Sambandinu.“
- 4) Í stað 4. mgr. 11. gr. kemur eftirfarandi:
 „4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbæru stjórnvöldin, á grundvelli sérstaks mats í hverju tilviki fyrir sig til 31. desember 2025, heimilað fullnustu kröfu sem sett er fram af hálfu aðilanna, rekstrareininganna og stofnanna sem tilgreindar eru í b-lið 1. mgr., samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að fullnusta kröfunnar sé algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi.“
- 5) Eftirfarandi grein er bætt við:
 „11. gr. c
 1. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi eða öðrum dómsúrskurði, sem byggist á eða leiðir af 248. gr. reglna Rússneska sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.
 2. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri meðferð sakamála stendur, eða viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja refsingu eða öðrum viðurlögum samkvæmt rússneskum hegningarlögum, sem byggist á meintu broti á lögbanni, úrskurði, dómi eða annarri ákvörðun dómstóla skv. 248 reglna Rússneskra sambandsríkisins um gerðardómsmeðferð eða jafngildri rússneskri löggjöf.“
- 6) Ákvæðum 12. gr. b er breytt sem hér segir:
 a) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:
 „1. Þrátt fyrir 2. gr., 2. gr. a, 3. gr., 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. f, 3. gr. h og 3. gr. k geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni, sem eru á skrá í II., VII., X., XI., XVI., XVIII., XX. og XXIII. viðauka við þessa reglugerð og í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/821, sem og sölu, leyfisveitingu eða annars konar framsal á hugverkarétti eða viðskiptaleyndarmálum, sem og veitingu réttar til aðgangs að eða endurnotkunar á hvers kyns efni eða upplýsingum sem njóta verndar hugverkaréttar eða sem fela í sér viðskiptaleyndarmál, sem tengjast vörum og tækni sem um getur hér að framan til 31.

desember 2025 ef slík sala, afhending, tilflutningur, leyfisveiting eða veiting réttar til aðgangs eða endurnotkunar er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

b) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a. Þrátt fyrir 3. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað sölu, afhendingu eða tilflutning á vörum og tækni sem eru á skrá í II. viðauka til 31. desember 2025 ef slík sala, afhending eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem er skráð eða stofnað samkvæmt lögum aðildarríkis fyrir 24. febrúar 2022, sem rússneskur lögaðili, rekstrareining eða stofnun tekur þátt í og sem rekur grunnvirki fyrir gasleiðslur milli Rússlands og þriðju landa.“

c) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 3. gr. g og 3. gr. í geta lögbær stjórnvöld heimilað innflutning eða tilflutning á vörum, sem eru á skrá í XVII. og XXI. viðauka til 31. desember 2025, ef slíkur innflutningur eða tilflutningur er algerlega nauðsynlegur til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.“

d) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. a kemur eftirfarandi:

„2a. Þrátt fyrir 5. gr. n geta lögbær stjórnvöld heimilað áframhaldandi veitingu þjónustu sem þar er talin upp til 31. desember 2025 ef slík veiting þjónustu er algerlega nauðsynleg til að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta atvinnustarfsemi í Rússlandi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.“

2. gr.

Ákvæðum I. og XLII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt í samræmi við viðaukana við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

K. KALLAS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3187, 16.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3187/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1469 frá 21. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/1469, 22.5.2024; ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1469/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/3192/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukana öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]